

# Seyðisfjörður

## Stutt staðarlýsing og minningarbrot frá æskudögum, erindi flutt á hádegisfundi hjá stúdentsárgangi MA 60.

(Upphafið er úr fyrstu ritgerðinni minni í 3.bekk MA, „Heimkynni mín“)

Á Austurlandi eru margir firðir og djúpir og einn þeirra er Seyðisfjörður, heimkynni mín. Fjörðurinn er þröngur og djúpur og höfn er þar mjög góð af náttúrunnar hendi. Þangað leita því skip í var þegar hvasst er og bræla á miðunum. Fjörðurinn er umkringdur háum fjallahring og eru fjöllin víðast snarbrött í sjó fram, þrjú þeirra eru rúmlega eittþúsund metrar á hæð. Sökum þess hve fjöllin eru há og brött er þar mikil snjóflóða- og skriðuhætta og hafa þarna orðið hin hörmulegustu slys af þessum völdum. Árið 1885 féll snjóflóð úr Bjólfinum, en svo nefnist hátt fjall norðan megin fjarðarins. Snjóflóð þetta tók með sér 14 hús og sópaði mörgum þeirra út í sjó og 25 manns fórust. Einnig hafa orðið þarna hræðileg slys vegna skriðufalla.

Innst í firðinum er ofurlítið undirlendi og þar stendur kaupstaðurinn Seyðisfjörður. Inn af bænum er dalur og eftir honum fellur Fjarðaráin, sem svo heitir og skiptir hún kaupstaðnum í tvennt. Bæjarhlutinn sunnan ár nefnist Búðareyri en Alda (Fjarðaralda) fyrir norðan og þar er byggðin þéttust en teygir sig eftir strandlengjunni í báðar áttir. Áin fellur út í Lónið sem byggðin á Öldunni og vestasti hluti Búðareyrar hverfist um. Smá tangi gengur út í Lónið og markar hann skil Lónsins og sjávar, því að örlitlu austar snardýpkar og hin rómaða höfn fjarðarins tekur við.

(Hér lýkur því sem ég notaði úr ritgerð skólastúlkunnar).



Horft yfir Seyðisfjörð. Ljósm. Sólveig Sigurðard.

Áður en lengra er haldið ætla ég aðeins að stikla á stóru í sögu Seyðisfjarðar. Ég veit ekki til þess að neitt hafi verið um hann ritað á söguöld og aðeins örfáar setningar eru í Landnámu. „*Loðmundur in gamli hét maður, en annar Bjólfur, fóstbróðir hans. Bjólfur nam Seyðisfjörð allan og bjó þar til æviloka. Ísólfur hét sonur hans, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir*“. Lítið er meira þar að hafa.

Í miðaldaheimildum er Seyðisfjörður sagður albyggður árið 1000, tíu bújarðir séu þá í firðinum og hafi svo verið lengst af. Síðan tekur við langur þögull tími. Kannski er eitthvað til skráð sem ég ekki þekki en nú skeiða ég yfir heilu aldirnar. Þó langar mig til að nefna að síðustu ár hefur verið mikill fornleifauppgröftur í Fjarðarlandi. Fjörður er landnámsjörðin og menn telja sig nú komna niður á landnámslagið og þar hefur ýmislegt áhugavert komið í ljós.

Árið 1848 er komin verslun inn á Fjarðaröldu og blómaskeið Seyðisfjarðar hefst nokkrum árum síðar. Á sjöunda áratug nítjándu aldar eru síldveiðar orðnar tregar við Noreg en þá færa norskir farmenn, sem sigldu með timbur til Íslands, þær fréttir til Noregs að við Ísland sé allt vaðandi í síld. Þar með hefst síldarævintýrið sem nær yfir árabilið frá 1870 -1900. Norskir útgerðarmenn og síldarspekúlantar flykkjast til Seyðisfjarðar og allt breytist. Bærinn vex hratt, Íslendingar, Danir og Norðmenn byggja bæinn og tungumálið verður dönsku- og norskuskotið. Ég man t.d. vel eftir eldra fólki sem ævinlega talaði um kames, kokkhús, altan og kontor og meira að segja fortov, enda þótt engar væru gangstéttirnar í bænum.

Á nokkrum árum fimmfaldast íbúafjöldinn úr 200 í 1000. Bryggjur eru byggðar, hafnaraðstaða bætt og fjöldi húsa reistur, meðal annarra ein 40 reisuleg „kataloghús“ af norsk-svissneskri blöndu, og lögð er alúð við að rækta blómum prýdda trjágarða við húsin. Allmörg þessara húsa standa enn, er vel við haldið, og setja óneitanlega glæsilegan svip á bæinn. Á þessum árum verður kaupstaðurinn til og kaupstaðarréttindi öðlast hann 1895. Sá sem í raun er talinn „Faðir Seyðisfjarðar“ er Norðmaðurinn Ottó Wathne (1843-1898). Of langt mál yrði að gera sögu hans góð skil hér en athafnasemi hans var mikil og framfarir urðu fyrir hans atbeina sem Seyðfirðingar nutu löngu eftir hans dag.



Barnaskólinn. Ljósmynd. H.H.

Umsvif Norðmanna og samskiptin við meginlandið urðu meðal annars til þess að sæsímastrengur var lagður frá meginlandinu til Seyðisfjarðar 1906, síðan talsími frá Seyðisfirði til Akureyrar og þaðan til Reykjavíkur. Sjúkrahús sem þótti nýttiskulegt var reist 1898, vatnsveita lögð 1903 og Fjarðarselsvirkjun, fyrsta riðstraumsvirkjun á landinu, gerð 1913. Allt gerist þetta í kringum aldamótin 1900. Glæsilegur barna- og unglingaskóli er byggður 1907 og kirkjan flutt af Vestdalseyri, endurbyggð, stækkuð og reist inni í kaupstaðnum 1923.



Seyðisfjarðarkirkja Ljósm. Unnar Ingimundur Jósepsson

Ýmsar sögur eru sagðar af mannlífinu á Seyðisfirði frá þessum glæsitíma, útlendingarnir héldu sig eins og hefðarfólk og stéttaskipting hefur eflaust verið talsverð. Sumir hafa dregið dóm af klæðnaði og kurteisisvenjum þessa fólks og heyrt hef ég að einhverjir hafi farið að klæða sig uppá að vinnudegi loknum. Víst er að áhrifanna frá þessum tíma gætti lengi.

En svo kom stríðið og setti mark sitt á Seyðisfjörð meira en marga aðra staði á landinu. Þegar stríðinu lauk og herinn fór, skildi hann ekki vel við. Sama má segja um viðskilnað síldarsaltenda eftir síldarævintýrið á sjöunda áratug síðustu aldar. Bærinn var úttraðkaður, illa leikinn og lengi að ná sér.


Margt af því upplifði ég og sá með eigin augum.

Minn tími á Seyðisfirði hefst í miðju stríðinu.

Ég var 5 mánaða þegar foreldrar mínir fluttu til Seyðisfjarðar í september 1942, þá hafði pabbi verið kosinn prestur í Dvergasteinsprestakalli eins og það hét. Fjörðurinn var hersettinn og enda þótt ég væri ekki nema nýorðin þriggja ára þegar stríðinu lauk á ég nokkur minningabrot sem ég veit að eru mín en ekki frásögn annarra.

Ég var úti að ganga með nágrannakonunni okkar, þegar sírenuvæl gall skyndilega við og ég minnst þess hversu þétt hún tók um hönd mína þegar við hlupum heim eins hratt og fætur mínir leyfðu og við þutum öll niður í kjallara. Kannski sameinast þarna nokkrar minningar í eina, því að sírenuvæl og kjallaraferðir voru tíðar á þessum tíma. Þjóðverjar vörpuðu sprengjum yfir fjörðinn með alvarlegum afleiðingum, olíubirgðaskipi var sökkt og einnig slösuðust börn sem urðu fyrir sprengjubrotum. Hersetan hafði mikil áhrif á atvinnulíf og mannlíf á staðnum og

um það er hægt að fræðast í bókinni „Seyðfirskir hernámsþættir“ eftir Hjálmar Vilhjálmsson, fyrrverandi sýslumann á Seyðisfirði. Smábátaútgerð lagðist af því að þrjár kaubátagirðingar voru lagðar yfir fjörðinn og honum lokað á hverju síðdegi. Bátarnir höfðu því mjög takmarkaðan tíma til veiða auk þess sem ekki hefur verið fýsilegt að sækja sjóinn þegar tundurdufl voru á reki og búast mátti við árás Þjóðverja úr lofti hvenær sem var. Talið er að um 2000 hermenn hafi verið í firðinum þegar flest var en þá var íbúatalan nálægt 800. Það má nærri geta að hersetan breytti ásýnd kaupstaðarins þegar heilu skálahverfin spruttu upp víðsvegar í bænum og út með ströndinni og sett niður nánast hvar sem var og eigna- og afnotaréttur fólks virtur að vettugi. Einnig voru settar upp voldugar gaddavírsgirðingar, mönnum og skepnum til meins. Á Vestdalseyri reis t.d. skálahverfi á túni Ytri Hjalla sem Erlendína og Dagbjartur, foreldrar Vilborgar Dagbjarts, höfðu umráð yfir. Þau höfðu lítið getað sagt við því en þegar Bretarnir ætluðu með stóra hertrukka yfir túnið þeirra var Erlendínu nóg boðið. Hún reyndi að kalla til þeirra og gera þeim ljóst að þetta yrði ekki liðið, en þegar það bar engan árangur, brá hún sér inn og kom að vörmu spori út með haglabyssu og miðaði á þá. Það brast flótti í liðið, hermennirnir stukku út úr bílnum og skriðu í skjól. Það má segja að hún hafi þarna ráðist til atlögu við breska heimsveldið og haft sigur því að málalok urðu þau að sættir náðust og aldrei var farið með trukkana inn á túnið. Þess má geta að byssan var óhlaðin.



Framnes *Ljós*. Unnar Ingimundur Jóseppson

Ég var nýorðin þriggja ára þegar stríðinu lauk, það vor fluttum við í Framnes, fallegt hús, yst á Tanganum við Lónið. Ari sýslumaður Arnalds hafði byggt þetta hús árið 1923, bæði til eigin nota og undir sýsluskrifstofurnar. Hússtæðið er sérstakt, húsið stendur yst á örmjóum tanga sem skagar fram í Lónið og þaðan sést til allra átta. Kringum húsið er breiður steypur garður, vörn fyrir sjógangi, því að á flóði flæddi sjórinn á þrjá vegu að garðinum og stundum, á háflæði, yfir götuna líka. Það þótti mér alltaf skemmtilegast. Að komast ekki að heiman nema

að vaða. Lónið var grunnt og þar gætti flóðs og fjöru. Húsið okkar tilheyrði Öldubbyggðinni og krakkahópurinn þar var samheldinn og þeir sem bjuggu innarlega á Búðareyrinni slógust oft í hópinn. En fyrir hina sem utar bjuggu var leiðin inn á Öldu, því miður, of löng. Leikirnir voru auðvitað árstíðabundnir eins og við þekkjum. Vetur voru oft snjóþungir á þessum árum og auðvitað byggðum við snjóhús og fengum svo að fara út með kerti þegar dimmdi og kannski kakóbolla líka. Við vorum á skíðum og magasleðum í brekkunum. Sumir sleðarnir voru nokkuð stórir og þá var skemmtilegast að fá far með stóru strákunum sem stýrðu af öryggi. Við renndum okkur á ísnum þegar Lónið lagði en það gat orðið hættulegt þegar vakir mynduðust. Álfhildur systir þar gæfu til að bjarga litlum dreng sem hafði fallið í vök og ég man eftir öðru tilviki þar sem ungur maður bjargaði lítilli stúlku. Ég veit að móður okkar var ekki alltaf rótt þegar slíkar aðstæður voru á Lóninu og hafði góðar gætur á krakkskaranum.

Á vorin og sumrin tóku við allt aðrir leikir, boltaleikir eins og „Gollan og súdari“ „Yfir og mann og yfir og sting“ og að hoppa París og síðast en ekki síst að fara í fjallgöngur upp á Fyrstaklett með nesti. Ekki má gleyma sláboltanum úti á Leiru. Á háfjöru mynduðust sandleirur bak við húsið heima, besti leikvöllur sem hægt var að hugsa sér. Þar var skipt í tvö lið og leikið af miklum móð uns féll að á ný og leiknum var sjálfhætt.

Ég verð líka að segja ykkur frá „Hornfelingaleiknum“ sem við lékum mest á síðsumarkvöldum og snemma á haustin, sérstaklega þegar hlýir vestanvindar hituðu þröngan og lokaðan fjörðinn þannig að stundum voru vandræði með að koma sláturmatnum í nægan kulda. Fullorðna fólkið var áhyggjufullt en við krakkarnir elskuðum þessi hlýju kvöld. Hornfelingaleikur var þannig að skipt var í tvö lið. Annað liðið kom sér saman um felustað, faldi sig og svo var einn, frá á fæti, sendur til að sýna sig og gefa frá sér hljóð um leið og hann hljóp fyrir hornið og kom sér á felustaðinn. Þá hófst leitin og allir hlupu af stað. Við notuðum alltaf sama húshornið á Gamla skóla rétt ofan við Tangann og ég er ekki frá því að leikurinn og nafnið hafi verið bundið við þessar aðstæður. Mig grunar nú að í þessum leik, hafi stundum í heitu myrkrinu, verið lögð kinn við kinn eða haldist í hendur en allt var það ósköp saklaust og vekur hlýjar minningar um fallega vináttu.

Ég get ekki skilið við leikina án þess að nefna æskuvinkonu mína, elsku lðunni okkar. Ætli ég hafi ekki verið tveggja og hún fjögurra ára þegar sú vináttu hófst. Við vorum heimagangar hvor hjá annarri alla tíð og brölluðum margt. Við þurftum ekki alltaf mikið dót en létum ímyndunaraflið frekar ráða för. Ég get ekki stillt mig um að segja ykkur frá einum leiknum. Í garðinum heima var eitt stakt tré sem breyttist gjarnan í þéttan skóg og þar var mjög villugjarnt. Við lékum oft þennan leik og þá vorum við mæðgur sem varð sundurorða með þeim afleiðingum að dóttirin fór inn í skóginn og týndist. Móðirin syrgði hana mjög og leitaði hennar árangurslaust í langan tíma. En dag einn þegar hún var á gangi í skóginum heyrði

hún undurfagran söng og gekk á hljóðið og nú megið þið giska á endinn. Við lékum leikrit í afmælisveislum og fengum að setja allt á annan endann í svefnherbergi foreldra minna og setja þar upp leiktjöld. Þar var nefnilega rennihurð milli herbergja og því hægt að hafa áhorfendur í öðru rými og draga frá þegar eftirvæntingin hafði náð hámarki. Auðvitað vorum við báðar með hlutverk en aðrir fengu líka pláss og allir skemmtu sér.



Maggý og Lðunn

Seinna breyttist þessi tjáningarpörf okkar Lðunnar í ljóðalestur þegar við urðum eldri og ungar stúlkur lásu við ljóð, upphátt, hvor fyrir aðra, dreymnar á svip.

Við krakkarnir byrjuðum snemma að vinna. Ég var átta ára þegar ég fór að trítla út á reiti á góðviðrisdögum til að breiða saltfisk og taka saman þegar hvíti fáninn var dreginn upp síðla dags. Þarna var ekki talað um barnaþrælkun enda var langt frá því að svo væri. Fullorðna fólkið sem þarna vann sagði okkur til, passaði að við tækjum ekki of þungt hlass á börurnar en færum vel með fiskinn og leyfðum okkur ekki að slæpast og svíkjast um. Það var góður skóli. Þannig ólumst við upp í síld og slori öll sumur og unnum fyrir skólavist, stelpurnar líka, enda þótt við værum ekki á karlmannskaupi.

Skemmtilegasta sumarið í þessari vinnu var þegar við Lðunn stóðum hlið við hlið í gamla sláturhúsinu og vöskuðum fisk, skárum líka spyrður, spyrtum fiskinn og hengdum upp. Okkur var treyst saman fyrir býsna fjölbreyttum verkefnum og oft sendar bara tvær einar t.d. inn á skrifstofuna til að ganga frá útborgun. og verkstjórinn kallaði stundum á okkur „Lðunn og hin eða Maggý og hin“. Þetta kunnum vel að meta en grínuðumst samt stundum með hvort það hafi verið vegna dugnaðar okkar eða til að hvíla samstarfsfólkið á „undurfagra söngnum“ sem við brustum stundum í.

Það var gaman að vera barn og unglingur á Seyðisfirði og aldrei fann ég til öryggisleysis eða innilokunar enda þótt Fjarðarheiðin væri lokuð nokkra mánuði á ári og sólin hyrfi í tæpa fjóra mánuði, frá því seint í október fram til 17. febrúar. Þegar sólin skein yfir bæinn í fyrsta sinn var hátíð, pönnukökuilminn lagði um allan bæ og drukkið var sólarkaffi í hverju húsi.

Læknisþjónustan var nándarþjónusta í minni tíð á Seyðisfirði, þá var þar sjúkrahús, alltaf einn læknir og stundum tveir, nokkrar hjúkrunarkonur og ljósmóðir. Þar var apótek og að sjálfsgöðu apótekari og tannlæknir **og elliheimili** þar var hægt að fæðast, vera veikur og verða gamall. Ég veit ekki hvort þið heyrðuð í fréttum nýlega af fæðandi konu frá Seyðisfirði sem flutt var á Fjórðungssjúkrahúsið á Norðfirði, þar reyndist enginn læknir á vakt og konan því flutt aftur til Seyðisfjarðar og þaðan til Akureyrar. Við Helgi eignuðumst Hafliða, okkar fyrsta barn, á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði 1964. Þar voru viðstaddir tveir læknar og hjúkrunarkona og ég fékk þá bestu umönnun sem hægt er að hugsa sér. Ég spyr: Lifum við núna í hinum besta heimi allra heima?

Þegar ég lít til baka finnst mér fátt hafa skort. Mannlífið í þessum litla bæ var þverskurður af lífinu, að mörgu leyti fjölskrúðugra og nándin meiri en ég skynja í fjölmenninu hér. Við hryggðumst og glöddumst saman, allir þekktust og allir skiptu máli.

Enda þótt 60 ár séu síðan ég kvaddi Seyðisfjörð fyrir fullt og allt segi ég ennþá **heim** og ber sannarlega framtíð staðarins og hag fyrir brjósti.

Margrét Erlendsdóttir